

Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Fundur haldinn 18. nóvember 2008

Mætt voru: Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson, Helga Aðalgeirsdóttir og Pálína Jónsdóttir.

Erindi frá skólastjóra Glerárskóla

Nefndinni barst bréf frá Úlfari Haukssyni, skólastjóra Glerárskóla. Í bréfinu var óskað eftir að hverfisnefndin tilnefni einn fulltrúa í skólaráð sem skipað er 9 fulltrúum. Hverfisnefndin tók jákvætt í erindið og mun skipa fulltrúa í skólaráðið.

Rætt um fund sem formenn hverfisnefnda héldu á Bláu könnunni þann 15. október 2008

Valdimar Pálsson formaður mætti á fundinn og skilaði álit frá hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis um starfsemi hverfisnefnda.

Undirhlíðarreiturinn

Umræður voru um undirbúning uppbyggingar á Undirhlíðarreitnum og kom fram að 19 aðilar í Holtahverfi hefðu skrifað undir kærnu vegna deiliskipulagsins.

Afmælishátíðin í Glerárskóla þann 31. október 2008

Hverfisnefndarmenn mættu allir á afmælishátíðina í Glerárskóla sem haldin var í tilefni af 100 ára afmæli skólahalds í Glerárhverfi. Nefndarmenn voru sammála um að sýningin sem nemendur og kennarar settu upp hefði verið mjög skemmtileg og fróðleg en að hún hefði þurft að standa lengur. Magna greindi frá að Kvenfélagið Baldursbrá hefði áhuga á að fá eitthvað af þeim sýningargripum sem voru á hátíðinni til að hafa á hátíð í Akureyrarkirkju í vor.

Svarbréf frá Akureyrarbæ við svari hverfisnefndarinnar dags. 10. okt. 2008

Hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis sendi bréf til Akureyrarbæjar þann 11. sept. 2008 um hvaða verklegar framkvæmdir nefndin teldi nauðsynlegar í Holta- og Hlíðahverfi. Formaður hverfisnefndarinnar óskaði eftir einhverjum viðbrögðum frá Akureyrarbæ og þann 10. okt. barst tölvupóstur frá Helga Má Pálssyni, deildarstjóra framkvæmdadeildar. Þar kom fram að unnið yrði með punktana frá hverfisnefndinni við gerð fjárhagsáætlunar en að endanlegar ákvarðanir liggi ekki fyrir.

Á fundinum var rætt um að það hefði verið heppilegra ef Akureyrarbær hefði sent hverfisnefndinni formlegt bréf en tölvupóst.

Póstlisti fyrir áhugasama um fundargerðirnar

Á 2. fundi vinnuhóps um endurskoðun á samþykkt fyrir hverfisnefndir sem haldinn var miðvikudaginn 1. október 2008 í Ráðhúsinu, var rætt um að athuga hvor hægt sé að koma upp póstlista á heimasíðu Akureyrarbæjar þar sem íbúar gætu skráð sig á póstlista hjá hverfisnefndunum.

Á fundi hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis var rætt um að það væri líklega góð leið til að koma upplýsingum til íbúa í hverfinu og myndi vonandi gera það að verkum að fólk tæki meiri þátt í starfsemi nefndarinnar með því að koma með tillögur og athugasemdir.

Fundartími

Fundartími hverfisnefndarinnar var endurskoðaður og ákveðið að hittast í Glerárskóla 2. þriðjudag í hverjum mánuði yfir veturinn kl. 19:00-20:00.

Ritað 19. nóvember 2008

HA